

Minnisblað Heidelberg Materials til Sveitarfélagsins Ölfuss vegna athugasemda First Water við fyrirhugaða uppbyggingu félagsins

Meðfylgjandi minnisblað er tekið saman vegna erindis First Water til Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 3.júlí 2024. Þar sem farið er fram á frekari upplýsingar frá Heidelberg Materials varðandi nokkra þætti í fyrirhugaðri uppbyggingu félagsins í sveitarfélaginu. Skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss tók erindið fyrir á fundi sínum 10.júlí 2024 og samþykkti að kalla eftir frekari upplýsingum vegna þriggja umhverfisþátta, hávaða, titrings og ryks, sem First Water taldi í erindi sínu að gætu haft neikvæð áhrif á starfsemi sína og annarra á svæðinu.

Vegna fyrirspurnarinnar hefur Heidelberg látið vinna eftirfarandi rannsóknir:

1. Framkvæmdar voru titringsrannsóknir á sambærilegri myllu og fyrirhugað er að nota í Þorlákshöfn. COWI notaði niðurstöður þeirra mælinga til að meta titring sem búast mætti við á lóð Heidelberg að teknu tilliti til jarðlaga og hönnun á undirstöðum.
2. Í öðru lagi útbjó COWI kort með dreifingu hljóðs frá starfseminni sem tekur mið af þeirri forsendu að hljóðstig frá sterkasta hljóðgjafa fari ekki yfir 70 dB(A) við húsvegg. Þær niðurstöður eru einnig bornar saman við lágmarkskröfur samkvæmt gildandi reglugerð um hávaða frá atvinnustarfsemi, þ.e. að hljóðstig sé ekki hærra en 70 dB(A) á lóðarmörkum. Það samsvarar 83 dB(A) við húsvegg. Til viðmiðunar var einnig dregin upp mynd af áætluðu hljóðstigi frá umferð um Suðurstrandarveg.
3. Þá fékk félagið Vista til að mæla núverandi ástand á svæðinu hvað varðar hávaða, ryk og titring svo hafa mætti þau gögn til hliðsjónar við hugsanleg áhrif framleiðslu félagsins á þessa þætti eftir að starfsemi er hafin. Mælingar fóru fram með sírita yfir 20 daga tímabil frá 26. september til 16. október.

Meðfylgjandi er minnisblað frá COWI þar sem helstu niðurstöður þessara rannsókna eru dregnar saman. Þá fylgja niðurstöður rannsóknanna sjálfra einnig með í viðhengi. Því miður hefur ekki unnist tími til að draga allar niðurstöður saman með myndrænum hætti en Heidelberg mun koma þeim viðbótargögnum til sveitarfélagsins um leið og þau liggja fyrir.

Megin niðurstöður þessara rannsókna eru eftirfarandi.

1. Titringur frá framleiðslunni við lóðarmörk er áætlaður 0,07-0,15 mm/s sem er sambærilegt við þann titring sem mælist á svæðinu í dag (0,07-1,3 mm/s).
2. Hljóðstig frá framleiðslunni er áætlað um 40-45 dB(A) við lóðarmörk miðað við 70 dB(A) við húsvegg. Það er vel innan þeirra marka sem kveðið er á um í reglugerð fyrir iðnaðarsvæði. Til viðmiðunar er hámarks hljóðstig í þéttbýli 50 dB(A) að degi og 40 dB(A) að nóttu. Þá mælist núverandi hljóðstig á svæðinu 40-55 dB(A), þ.e. vegna vinds og öldu fyrst og fremst.

3. Framleiðsla Heidelberg verður í lokuðum ferlum. Ryksíur eru á öllum framleiðslubúnaði sem hleypa ekki meira en 10 mg/Nm^3 af ryki út í andrúmsloftið, sem er í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BAT). Reynsla hefur sýnt að þar sem ryk er undir þessu mörkum í útloftun frá atvinnustarfsemi þá nást loftgæðamörk í umhverfinu, sem kveðið er á um í reglugerðum auðveldlega. Reglugerð 920/2016 kveður á um mörk fyrir svifryk í umhverfi. Þar stendur að mörk fyrir PM10 svifryk sé $50 \mu\text{g/m}^3$, og heimilt er að fara 35 daga á ári yfir þau mörk. Til samanburðar mælist ryk á svæðinu í dag vera vel undir viðmiðunarmörkum varðandi loftgæði samkvæmt mælingum Vista. Í Þorlákshöfn eru algeng gildi $5\text{-}25 \mu\text{g/m}^3$ en mælast heldur hærri á fyrirhugaðri lóð Heidelberg, líkast til vegna yfirstandandi byggingaframkvæmda á svæðinu.

Að mati Heidelberg sýna þessar niðurstöður með ótvíræðum hætti að umhverfisáhrif af fyrirhugaðri starfsemi félagsins í Ölfusi verði vel innan allra opinberra viðmiða hvað varðar hávaða, titring og ryk og geti því ekki með neinum hætti talist hafa skaðleg áhrif á nærliggjandi atvinnustarfsemi. Að auki er rétt að benda á að allir ofangreindir þættir mælast svipaðir eða lægri en áætlað jafnvægisástand svæðisins samkvæmt mælingum. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi gagna.

Fyrir hönd Heidelberg Materials

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Víglundsson